

Alþingisatvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2014
Tilvísun: UST20140900150/bs

Pingsályktunartillaga um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Umsögn

Umhverfisstofnun vísar í erindi nefndarsviðs Alþingis (atvinnuveganefndar) dags. 26. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að þingsályktun vegna bráðaaðgerða í byggðamálum, sbr þingskjal 19 - 19. mál.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Hér er um að ræða aðgerðir sem allar eru í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þrátt fyrir þann hraða sem oft felst í bráðaaðgerðum, þá gefist tími til að setja umræddar bráðaaðgerðir í lögformleg ferli þar sem könnuð verði umhverfisáhrif bæði í gegnum mat á umhverfisáhrifum áætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum umræddra aðgerða. Umhverfisstofnun telur jákvæðar þær aðgerðir sem lagðar eru til í 7. tölul. Þingsályktunartillögunar sem lúta að framkvæmdum á vinsælum ferðamannastöðum og bendir stofnunin á að nú einnig liggur nú fyrir frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar og þar sem markmiðið er að móta stefnu, samræma og forgangsraða tillögum um uppbyggingu og viðhald innviða fyrir ferðamenn.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur